



Hafnarfjarðarbær  
b.t. bæjarráðs Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

25.11.22

**Efni: Félag eldri borgara í Hafnarfirði, starfsmannamál.**

Hafnarfjarðarbær hefur stutt myndarlega við rekstur Félags eldri borgara í Hafnarfirði á liðnum árum. Styrkurinn hefur meðal annars falið í greiðslu húsaleigu á húsnæði Hraunsels að Flatahrauni 3, sem félagið hefur notað undir starfsemi sína. Jafnframt hefur Hafnarfjarðarbær greitt laun fyrir 3,5 stöðugildi starfsfólks, sem sinnir og undirbýr starfseminna í húsinu. Starfsfólkið er því í raun starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar og nýtur réttinda sem slíkt en dagleg stjórn þess hefur verið á höndum stjórnar félagsins hvað félagsstarfið varðar.

Starfsemi Félags eldri borgara í Hafnarfirði er mjög virk og fjölskrúðug. Rekin er starfsemi í Hraunseli, alla virka daga samkvæmt dagskrá, auk þess sem staðið er fyrir viðburðum af margvíslegum toga svo sem ferðalögum, skemmtanahaldi, ráðstefnum og fræðsluerindum af ýmsu tagi o.fl.

Skráðir félagar eru í dag alls 1.955 en jafnframt geta allir eldri borgarar í Hafnarfirði sótt félagsstarf, ráðgjöf og stuðning hjá félaginu.

**Stjórn Félags eldri borgara í Hafnarfirði telur mikilvægt og leitar því hér til bæjarráðs um að formleg samþykkt ráðsins fáið sem fyrst fyrir því, að stjórn á starfsmannahaldi færist alfarið yfir á hendur stjórnar FEBH. Ástæða fyrir beiðninni er sú að reynslan sýnir að stjórn starfsmannamála er mun betur komin hjá félaginu heldur en í höndum starfsmanna hjá Hafnarfjarðarbæ sem ekki eru í daglegu samráði með uppsetningu dagskrár, nýtingu á húsnæði og öðrum daglegum rekstri sem félagið stendur fyrir.**

**Í framhaldi óskar stjórnin eftir því við bæjaráð að farið verði í gerð samstarfssamnings á milli Hafnarfjarðarbæjar og FEBH, þar sem stuðningur bæjarins við félagið yrði tekinn saman með hliðsjón af öðrum samningum við þau félagasamtök sem Hafnarfjarðarbær leggur fjármuni til.**

Gott samstarf félagsins og Hafnarfjarðarbæjar hér eftir sem hingað til er grundvöllur að hinu góða starfi og hversu vel hefur tekist til hjá Félagi eldri borgara í Hafnarfirði.  
Fyrir þennan góða stuðning ber að þakka.

Með von um að vel verði tekið í erindi okkar.

Bestu kveðjur,

Fyrir hönd stjórnar FEBH

Valgerður Sigurðardóttir, formaður

Félag eldri borgara í Hafnarfirði febh.is febh@febh.is